

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps  
107. fundur.

**Miðvikudaginn 29 júní 2011 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 13.00 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.**

**Dagskrá:**

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Skólaakstur.
3. Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010-2022. (Frestað frá síðasta fundi).
4. Fundargerðir:
  - a) Byggingarnefndar Húnavatnshrepps, dags. 25. júní 2011.
  - b) Stjórnar SSNV, dags. 8. júní 2011.
  - c) Heilbrigðisnefndar Norðurlands-vestra, dags. 6. júní 2011.
5. Bréf:
  - a) Frá Jónasi Skaftasyni, dags. 15. 06. 2011.
  - b) Frá Ásu Kristjánsdóttur jafnréttisráðgjafa, dags. 14. 06. 2011.
  - c) Frá Umhverfissráðuneyti, dags. 31. 05. 2011.
  - d) Frá Samb.ísl. Sveitarfélaga, dags. 01.06. 2011.
  - e) Frá Innovit, dags. 15. 06. 2011.
  - f) Frá stjórn umf. Geisla, dags. 06.06. 2011.
6. Önnur mál.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.00

Samþykkt var að gera eftirfarandi breytingar á dagskrá fundarins:

Fundargerð Félags- og skólaþjónustu A-Hún dags. 27. maí 2011, tekin fyrir undir dagskrárlið 4d).

Fundargerð fjallskilanefndar Grímstungu- og Haukagilsheiðar, dags. 24. júní 2011, tekin fyrir undir

dagskrárlið 4e). Fundargerð fjallskilanefndar Auðkuluheiðar, dags. 27. júní 2011, tekin fyrir undir

dagskrárlið 4f).

**1. Skýrsla sveitarstjóra.**

Samþykkt var að gámar fyrir járn og timbur verði á gámasvæðunum í júlí og ágúst.

Fyrir fundinum lágu uppdrættir af aðkeyrslum og bílplönunum við Húnavelli, ásamt magntölum vegna jarðvegsskipta og slitlags og grófri kostnaðaráætlun. Sveitarstjóra var falið að vinna málið áfram og fá tölur í verkið frá þeim verktaka sem annast mun framkvæmdir við lagningu slitlags á Reykjabrautina.

Oddviti lagði fram tillögu að eftirfarandi breytingu á gjaldskrá fyrir húsaleigu á íbúðarhúsnæði sveitarfélagsins:

Skólastjórabústaður, mánaðarleiga 65.000 kr. (leiguverð með hita)

Steinholt, mánaðarleiga 55.000 kr. (leiguverð án hita)

Tillgan var samþykkt með fjórum atkvæðum (ÞS, MS, JS, IS) þrjár sátu hjá (BM, JEP, GRH)

Vegagerðin hefur samþykkt að úthluta 2,5 millj. kr. til styrkvega í Húnavatnshreppi á árinu 2011.

# Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

## 107. fundur.

Fundi var lokað vegna umræðu um launamál og starfsmannamál.

Skrifstofustarf hjá Húnavatnshreppi var auglýst laust til umsóknar. Umsóknarfrestur var til 27. júní 2011. Umsóknir bárust frá eftirfarandi aðilum:

Rannveig Lena Gísladóttir.

Guðrún Benediktsdóttir.

Kolbrún Á. Guðnadóttir.

Raimund Bernhard Brockmeyer-Urbschat.

Kynnt erindi frá Innanríkisráðuneyti dags. 23. júní 2011 er varðar stjórnslukæru frá Sólveigu Ingu Friðriksdóttur og Kolbeini Erlendssyni, þar sem kærð er málsmeðferð/ákvörðun er varðar útboð á skólaakstri við Húnavallaskóla.

Fulltrúaráðsfundur Textílfeturs ísl. var haldinn 21. júní í kvennaskólanum á Blönduósi.

Í fjárhagsáætlun Húnavatnshrepps er gert ráð fyrir að styrkja starfsemi Textílfetursins um 200 þús kr. á árinu 2011.

### 2. Skólaakstur.

Endanlegur úrskurður kærufndar útboðsmála liggur ekki fyrir og málið frestast því áfram.

### 3. Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010-2022.

Þóra Sverrisdóttir vék af fundi undir þessum lið.

Hreppsnefnd samþykkti að fresta ákvörðun um afgreiðslu aðalskipulagstillögunnar þar til fyrir liggur lögfræðilegt álit á þeirri ákvörðun umhverfisráðherra, að fresta beri skipulagi á því svæði þar sem ný veglína hringvegur um svokallaða Húnavallaleið liggur.

### 4. Fundargerðir:

a) Byggingarnefndar Húnavatnshrepps, dags. 25. júní 2011.

Fundargerðin var borin upp til samþykktar.

Dagskrárliður 1. samþykktur samhljóða. Dagskrárliður 2. samþykktur samhljóða.

b) Stjórnar SSNV, dags. 8. júní 2011.

Lögð fram til kynningar.

c) Heilbrigðisnefndar Norðurlands-vestra, dags. 6. júní 2011.

Lögð fram til kynningar.

d) Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún, dags. 27. maí 2011.

Lögð fram til kynningar.

e) Fjallskilanefndar Grímsstungu- og Haukagilsheiðar, dags. 24. júní 2011.

Lögð fram til kynningar.

f) Fjallskiladieldar Auðkúluheiðar, dags. 27. júní 2011.

Lögð fram til kynningar.

### 5. Bréf:

a) Frá Jónasi Skaftasyni, dags. 15. 06. 2011.

Efni: Varðar útboð á skólaakstri.

Lagt fram til kynningar.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps  
107. fundur.

b) Frá Ásu Kristjánsdóttur jafnréttisráðgjafa, dags. 14. 06. 2011.

Efni: Landsfundur jafnréttisnefnda 9. og 10. september n.k.

Vísað til umfjöllunar í jafnréttisnefnd Húnavatnshrepps.

c) Frá Umhverfissráðuneyti, dags. 31. 05. 2011.

Efni: Varðar umsögn um vinnudrög að nýrri byggingarreglugerð.

Erindinu vísað til umfjöllunar í byggingarnefnd.

d) Frá Samb.ísl. Sveitarfélaga, dags. 01.06. 2011.

Efni: Leiðbeinandi fyrirmynd að gjaldskrá samkvæmt skipulagslögum.

Lagt fram til kynningar.

e) Frá Innovit, dags. 15. 06. 2011.

Efn: Varðar verkefni sem nefnist Atvinnu- og nýsköpunarhelgin.

Erindinu var vísað til umfjöllunar í atvinnumálanefnd Húnavatnshrepps.

f) Frá stjórn umf. Geisla, dags. 06.06. 2011.

Efni: Óskað er eftir framlagi til styrktar á starfsemi félagsins á þessu ári.

Samkvæmt fjárhagsáætlun Húnavatnshrepps er gert ráð fyrir að styrkja starfsemi umf Geisla um 300 þús. kr. á árinu 2011.

**6. Önnur mál.**

Engar bókanir voru gerðar undir þessum lið.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 15.48

\_\_\_\_\_  
Þóra Sverrisdóttir

\_\_\_\_\_  
Björn Magnússon

\_\_\_\_\_  
Jakob Sigurjónsson

\_\_\_\_\_  
Jóhanna E. Pálmadóttir

\_\_\_\_\_  
Magnús R. Sigurðsson

\_\_\_\_\_  
Guðmundur R. Halldórsson

\_\_\_\_\_  
Ingibjörg Sigurðardóttir

\_\_\_\_\_  
Jens P Jensen